



Kæru forráðamenn nemenda í Stekkjaskóla

Á morgun, fimmtudaginn 6. febrúar, er spáð ofsaveðri um allt land og gefnar hafa verið út rauðar veðurviðvaranir.

Hér á Selfossi er spáð rauðri viðvörðun frá kl. 8:00 í fyrramálið til kl. 13:00, 16-18 m/s.
Enginn skólaakstur verður í fyrramálið utan þéttbýlis.


Forráðamenn bera ábyrgð á að fylgja börnum í skólann ef ekki er búið að upplýsa þá um að skólahald falli niður. Ef ekki verður skóli á morgun fá forráðamenn póst um það upp úr kl. 7:00 í fyrramálið.

The Icelandic Met Office has updated the weather forecast to a red alert for tomorrow from 8:00 AM to 13:00 PM. As a result, school operations will be limited, and school transportation will likely be cancelled. Further information will be provided tomorrow morning regarding the possibility of opening schools and kindergartens. Parents and guardians are advised to check school websites and emails tomorrow morning for updates.”

Verði röskun á skóla- eða frístundastarfi eru skólar engu að síður opnir og taka á móti nemendum. Þá er þeim eindregnu tilmælum beint til forráðarmanna að fylgja yngri börnum til skóla og yfirgefa þau ekki fyrr en þau eru í öruggum höndum starfsfólks. Starfsfólk mun tryggja móttöku barnanna. Meti forráðamenn það svo að best sé að halda barni heima vegna veðurs eða færðar skulu þeir tilkynna skólanum um forföll barnsins og skoðast það þá af hálfu skólans sem eðlileg forföll.

Foreldrum og forsjáraðilum er bent á að fylgjast með á heimasíðum skólanna og tölvupósti í fyrramálið.

Kærar kveðjur, skólastjórnendur Stekkjaskóla



Spáin fyrir morgundaginn, fimmtudaginn 6. febrúar

Samkvæmt leiðbeiningum um rauða veðurviðvörðun frá Veðurstofu stendur:

Miklar líkur eru á veðri sem hefur mjög mikil samfélagsleg áhrif eða slíkt veður stendur yfir. Einstaklega áköfum og hættulegum veðurskilyrðum er spáð. Búast má við miklum skemmdum, líkur á slysum eru miklar og veðrið ógnar lífi og limum. Viðbúið er að samgöngur lokist og aðgengi að innviðum og þjónustu skerðist.